

Alþingi
Erindi nr. P 136/235
komudagur 25.11.2008

Eina athugasemdin sem ég vil gera við liði nr. 4-10 í viljayfirlýsingunni snýr að lið nr. 7. Mér er til efs að 10% eiginfjárlutfall sé nóg fyrir nýju bankana. Fyrir því eru einkum þrenn rök:

1. Ég reikna fastlega með því að Fjármálaeftirlitið muni í framtíðinni krefjast þess að íslenskir bankar hafi tiltölulega hátt eiginfjárlutfall. Það kæmi mér ekki á óvart þótt miðað yrði við 12%.
2. Breið samstaða virðist vera að myndast á alþjóðlegum vettvangi um að ýmsar reglur um starfsemi banka og annarra fjármálafyrirtækja verði hertar í kjölfar fjármálakreppunnar. Ég reikna fastlega með að þar á meðal verði eiginfjárreglumar.
3. Fjármál heimila og fyrirtækja eru löskuð. Það mun reyna verulega á fjárhagslegan styrk bankanna að taka á árinna með heimilum og fyrirtækjum á næstu misserum.

Ýmis smærri fjármálafyrirtæki eiga við erfiðleika að etja. Vandí þeirra verður því miður ekki leystur nema til komi aukid eigið fé, jafnvel þótt um samruna meðal smærri fyrirtækja verði að ræða eða samruna smærri fyrirtækja við einhvern af stóru bönkunum. Þar geta fáir lagt hönd á plóg nema ríkissjóður. Því hef ég nokkrar áhyggjur af lið nr. 16 í yfirlýsingunni.

Loks nefni ég undirlið 2 í lið nr. 19 í yfirlýsingunni (aðgangur bankanna að lausafé í Seðlabankanum). Ætla má að í bönkunum þremur séu umtalsverðar innstæður í eigu erlendra aðila eða innlendra aðila með starfsemi erlendis (í krónum og erlendum gjaldmiðli). Þessir innstæðueigendur munu án efa vilja flytja innstæðurnar úr landi um leið og færi gefst. Til að bankarnir geti sinnt þessum óskum viðskiptavina sinna munu þeir þurfa aðgang að lausafé í Seðlabankanum. Svipað gildir um þátttöku bankanna í endurreisn hagkerfisins, hún kostar fjármagn og sem stendur eiga bankarnir ekki í önnur hús að vanda en Seðlabankann og Íbúðalánasjóð (með því að selja Íbúðalán).

Góð kveðja,

Finnur

Finnur Sveinbjörnsson

Bankastjóri

Skrifstofa bankastjóra

finnur.sveinbjornsson@kaupthing.com

www.kaupthing.is

Beinn sími: +354 444 6170

Sími: +354 444 7000

Fax: +354 444 6119

Kaupþing banki hf., Borgartún 19, Reykjavík, Ísland

Fyrirvari vegna tölvupósts